

Fundargerð

Mánudaginn 26. júlí 2010 kl. 10:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinum voru mættir: Adolf H. Berndsen, Kári Kárason, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Málefni HSB**
- 2. Önnur mál**

Afgreiðslur:

1. Málefni HSB

Valbjörn Steingrímsson, forstjóri HSB, mætti á fundinn.

Valbjörn gerði grein fyrir fundi sem starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins áttu með sveitarstjórnarmönnum í Austur-Húnavatnssýslu ásamt framkvæmdastjórn HSB þann 1. júlí sl. Á fundinum kom fram að það sé vilji ráðuneytisins að auka samstarf heilbrigðisstofnananna á Blönduósi og Sauðárkróki.

Valbjörn tjáði fundarmönnum að til væri skýrsla um mögulega samvinnu Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi og Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki. Skýrslan var unnin af Valbirni og forstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki.

Framkvæmdastjóra falið að ítreka að fá uppgefna tímasetningu á fundi með ráðherra heilbrigðismála. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með þingmönnum Norðvestur-kjördæmis.

2. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00